

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigríður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. janúar 2018
2017110022/42-0

TB
jgo/tb

Umsögn vegna beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum, fólkvangur í Bökkvisstaðafjalli

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 6. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Júlíusar Magnússonar um undanþágu frá ákvæðum auglýsingar nr. 265/2011 um fólkvang í Bökkvisstaðafjalli, Dalvíkurbyggð. Júlíus óskar eftir því að fá afnot af Stórhólstjórn til að sleppa í hana regnbogasilungi og leyfa veiðar á honum gegn gjaldi. Tilgangur aðgerðarinnar er að auka og auðga afþreyingarmöguleika. Jafnframt kemur fram í framangreindri umsókn að tryggja á að fiskurinn komist ekki úr tjörninni og að allur fiskur yrði fjarlægður úr henni að hausti.

Meginmarkmið með friðlýsingu fólkvangs í Bökkvisstaðafjalli er að tryggja útivistarsvæði í Dalvíkurbyggð. Í friðlýsingarskilmálum kemur m.a. fram að óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýarlíf. Auk þessi er notkun skotvopna bönnuð nema með sérstöku leyfi umsýjaraðila fólkvangsins til að veiða ref eða mink ef sérstök ástæða þykir til. Ennfremur er óheimilt að beita búpeningi innan fólkvangsins og hrófla við eða skemma jarðmyndanir. Af framangreindu má vera ljóst að þó meginmarkmið með stofnun fólkvangsins sé að tryggja útivistarsvæði fyrir almenning þá skal jafnframt halda svæðinu eins náttúrulegu og frekast er kostur.

Regnbogasilungur er framandi tegund í íslenskri náttúru samkvæmt skilgreiningu í lögum um náttúruvernd en þar segir: „*Framandi lífverur:* Tegund eða lægri flokkunareining, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. lífhlutar, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt vísvitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði.“ Um dreifingu framandi lífvera í íslenska náttúru gildir jafnframt 63. gr. laganna. Ennfremur er rétt að vísa einnig til 1. gr. laga um náttúruvernd þar sem m.a. segir: „Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.“

Upprunalega var Stórhólstjórn tiltölulega grunn tjörn, sem hún er enn, sem kom fram við leysingar á vorin en þornaði upp þegar líða tók á sumar ef þurr var í veðri. Í vætutíð gat tjörnin enst fram á haustið. Í mörg undanfarin ár hefur tjörninni verið viðhaldið með því að veita vatni úr Brimnesá en það er m.a. tilkomið vegna varanlegrar snjóframleiðslu fyrir



skíðasvæðið ofan við tjörnina. Stöku ár er tjörnin tæmd til að viðhalda dælubúnaði á botni tjarnarinnar. Náttúrufræðistofnun hefur ekki kannað lífríki tjarnarinnar sérstaklega en þar er oft nokkuð um fuglalíf og sjást þar t.d. endur og lómur stöku sinnum.

Náttúrufræðistofnun telur ekki miklar líkur á því að Stórhólstjörn hafi mikið verndargildi vegna lífríkis engu að síður telur Náttúrufræðistofnun umsóknina vera í andstöðu við meginmarkmið friðlýsingarinnar, þ.e. að viðhalda fólkvanginum eins náttúrulegum og frekast er unnt. Náttúrufræðistofnun telur engar þær ástæður vera þess eðlis í þessu máli að þær gefi tilefni til að heimila að flytja framandi tegund inn á friðlýst svæði eingöngu til auka afþreyingarmöguleika. Auk þess telur Náttúrufræðistofnun umsóknina vera í andstöðu við almenn markmið laga um náttúruvernd og getur því ekki mælt með því að undanþága til að flytja regnbogasilung í Stórhólstjörn verði veitt.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

